

Foreldrafélagsfundur 2. mars 2010 kl: 20:00

Mættir: Linda, Júlíus, Signý, Ester, Rut.

- Samstarf við bekkjarfulltrúa:

Ákveðið var að eftirtaldir aðilar væru tengiliðir bekkjarfulltrúa, með það að markmiði að hvetja bekkjarfulltrúa til að koma á samveru foreldra og barna. Linda tengiliður við 1. bekk, Ester tengiliður við 2. bekk, Rut tengiliður við 3. bekk og Signý tengiliður við 4. bekk. Það á að vera búið að hafa samband við bekkjarfulltrúa fyrir 22. mars og aftur í október.

- Hátíðarkvöldverður 10. bekkjar:

FFM mun kaupa blóm handa öllum nemendum 10. bekkjar. Verða þau keypt í Cabo. Júlíus og Signý sjá um afhendingu.

- Árshátíð skólans:

Skólastjóri óskaði eftir því, að félagið muni sjá um að kaupa veitingar eftir árshátíð skólans.

- Fyrirlestrar:

Hugmynd að hafa fasta fyrirlestra fyrir ákveðna árganga þannig að þegar nemandi lýkur skólagöngu er hann búinn að fá fræðslu um ýmis mál í formi fyrirlestrar. FFM hefur áhuga á að kanna þetta.

- Gjafir:

Áhugi er fyrir því að gefa skólastjóra gjöf, frá FFM, er hún líkur starfsári sínu nú í vor. Einnig er áhugi á að gefa starfsmanni skólans viðurkenningu.

- Skólaráðsfundur:

Lítillega var sagt frá skólaráðsfundi sem haldinn var í febrúar.

- Aðalfundur:

Hugmynd að halda hann 4. maí. Ef félagsmenn ætla ekki að halda áfram næsta skólaár þarf að láta vita sem fyrst svo hægt sé að manna stjórn fyrir aðalfund.

Næsti fundur 13. apríl kl: 18:30.

Fundi slitið kl: 21:10

Linda Birgisdóttir